

Atvinnumála- og kynningarráð - 43 (3.4.2019) - Atvinnustefna Dalvíkurbyggðar, tillaga þjónustu- og upplýsingafulltrúa að lið 5.5.4 aðgerðaráætlunar -

Málsnúmer : 201601026

Málsaðili : Dalvíkurbyggð

Niðurstaða (stutt) : Vísað áfram

Fundardagur : 03.04.2019

Inngangur :

Á 42. fundi atvinnumála- og kynningarráðs þann 6. mars 2019 var eftirfarandi bókað:

"Á 309. fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 15. janúar 2019 var Atvinnustefna Dalvíkurbyggðar samþykkt samhljóða.

Á fundinum var til umræðu ofangreind stefna og næstu skref út frá aðgerðaáætlun stefnunnar. Farið var yfir þau verkefni sem tilgreind eru í áætluninni.

Atvinnumála- og kynningarráð samþykkir með 5 atkvæðum að fela þjónustu- og upplýsingafulltrúa að vinna drög að upplýsingasíðu fyrir ferðamenn inn á heimasíðu Dalvíkurbyggðar."

Á fundinum kynnti þjónustu- og upplýsingafulltrúi drög að ofangreindri upplýsingasíðu.

Niðurstaða : Atvinnumála- og kynningarráð samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að fela þjónustu- og upplýsingafulltrúa að vinna áfram að lið 5.5.4 og ljúka honum fyrir næsta fund ráðsins.